

ERINDISBRÉF

Farsældarráð Suðurlands

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri farsældarráðs Suðurlands.

Inngangur: Í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundinn samráðsvettvang frá 23. októbert 2025, hafa sveitarfélög á Suðurlandi ásamt þjónustuveitendum ríkisins sem sinna málefnum barna í landshlutanum komið á fót svæðisbundnu farsældarráði Suðurlands. Eftirtalin sveitarfélög og þjónustuveitendur taka þátt í samráðsvettavangnum; Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Svf. Árborg, Svf. Hornafjörður, Svf. Ölfus, Vestmannaeyjabær, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Menntaskólinn að Laugarvatni, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum og Svæðisstöð íþróttahéraða.

Hlutverk: Farsældarráð Suðurlands mótar aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og stöðumats á Suðurlandi. Áætlunin skal endurspegla svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir, tímaramma, mælikvarða um árangur og ábyrgðaraðila.

Verkefni:

- Farsældarráð rýni og yfirfari fyrirliggjandi gögn um stöðu barna á Suðurlandi, með áherslu á gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni.
- Farsældarráð forgangsraði aðgerðum í takt við stöðuna með áherslu á samvinnu aðila og samþættingu þjónustu.
- Farsældarráð Suðurlands mótar aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og stöðumats á Suðurlandi. Áætlunin skal endurspegla svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir, tímaramma, mælikvarða um árangur og ábyrgðaraðila. Verkefnastjóri heldur utan um vinnu ráðsins við mótun áætlunarinnar.

- Þegar farsældarráð hefur samþykkt aðgerðaáætlun skal hún lögð fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga og yfirstjórn þeirra opinberu stofnana sem eiga sæti í ráðinu. Aðgerðaáætlunin og innleiðing hennar skal endurskoðuð árlega, einkum í tengslum við árlega yfirferð á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og öðrum viðeigandi greiningum. Hún skal birt opinberlega á heimasíðum þjónustuveitenda sem eiga aðild að ráðinu.
- Ráðið skal tryggja reglulegt og markvisst samráð við börn, foreldra og aðra notendur þjónustu. Þetta skal m.a. gert í gegnum samráð við ungmennaráð, notendaráð, foreldraráð og annan sambærilegan vettvang. Verkefnastjóri annast skipulag samráðsins og eftirfylgni.

Með ráðinu starfar: Verkefnastjóri farsældarráðs Suðurlands.

Starfstímabil: Skipun í farsældarráð er ótímabundin en óski aðili eftir því að breyta tilnefningu sinni skal það gert í samráði við formann og verkefnastjóra farsældarráðs. Óski fulltrúi lausnar frá farsældarráði skal því erindi beint til þess aðila sem tilnefndi viðkomandi.

Skipan farsældarráðs:

Eftirfarandi einstaklingar sitja í farsældarráði Suðurlands:*

Stofnun/ sveitarfélag	Aðalmaður	Titill	Varamaður	Titill
Svf. Árborg				
Vestmannaeyjabær				
Hveragerðisbær				
Svf. Ölfus				
Svf. Hornafjörður				
Rangárþing eystra				
Rangárþing ytra				
Bláskógabyggð				
Mýrdalshreppur				
Hrunamannahreppur				
Flóahreppur				
Skaftárhreppur				
Skeiða- og Gnúpverjahreppur				
Grímsnes- og Grafningshreppur				
Svæðisbundin starfsstöð ÍSÍ/UMFÍ á Suðurlandi				
Heilbrigðisstofnun Suðurlands				

Lögreglustjórinn á Suðurlandi				
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum				

Svæðisbundin starfsstöð ÍSÍ/UMFÍ á Suðurlandi		Starfsmaður svæðisstöðvar ÍSÍ/UMFÍ		
Heilbrigðisstofnun Suðurlands				
Lögreglustjórinn á Suðurlandi				
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum				

	Aðalmaður		Varamaður	
Innleiðingarstjóri				
Foreldrar				
Ungmennaráð				

*Sjá meðfylgjandi skipurit.

F.h. Farsældarráðs Suðurlandi,

Arna Ír Gunnarsdóttir
verkefnastjóri Farsældarráðs Suðurlands

DRÖG